

Hér með gera Norðurþing, kt. 640169-5599, annars vegar og Golfklúbbur Húsavíkur (hér eftir nefnt GH), kt. 4108790-0389, hinsvegar með sér eftirfarandi samkomulag vegna:



Uppbyggingar nýrrar golf- og frístundaaðstöðu, auk samgöngutenginga við Katlavöll á Húsavík



I. Markmið samkomulags

Markmið þessa samkomulags er að byggja upp aðstöðu við Katlavöll á Húsavík til eflingar golfíþróttarinnar og starfsemi Golfklúbbs Húsavíkur. Er markmiðið í góðu samræmi við markmið sveitarfélagsins að vera heilsueflandi samfélag hvar ungir sem aldnir geti stundað eins fjölbreytta heilsurækt og kostur er hverju sinni. Sérstaklega eru aðilar áhugasamir um að efla þátttöku yngri kynslóðanna á íþróttinni og að uppbygging nýs húsnæðis við Katlavöll auki aðdráttarafl golfvallarins hvað ferðamennsku snertir.

Aðilar eru sammála um að standa þannig að verki að innviðir þeir sem rísa munu á nýrri lóð undir golfskálann norðan megin vallarins verði með þeim hætti að gera íbúum sveitarfélagsins auðveldara um vik að stunda íþróttina og taka þátt í starfi því sem fyrirhugað er á vegum GH, sveitarfélagsins eða annara aðila sem koma til með að nýta aðstöðuna á Katlavelli.

II. Framkvæmdir og lýsing á mannvirkjum

Norðurþing skuldbindur sig til að leggja verkefninu fjárhaglega lið með styrkveitingum til uppbyggingarinnar. Sveitarfélagið skuldbindur sig sömuleiðis til að byggja upp og ganga frá nýrri vegtengingu úr Holtahverfi að fyrirhuguðum golfskála ásamt bílastæði. Mun þeirri framkvæmd verða að fullu lokið árið 2024.

Norðurþing fellst á að framkvæmdirnar verði á grunni kostnaðarmats tilboðsgjafa golfklúbbsins, þ.e.a.s. BELKÓD ehf. frá 24. júní 2021, og lögð var fram og kynnt í byggðarráði Norðurþings, merkt fylgiskjal 1 og unnin er af ráðgjöfum GH.

Það mannvirki sem fjallað er um í þessu samkomulagi er alls ca. 300 m², á einni hæð samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum og kostnaðarmati dagsettu 24. júní 2021, útgefnu af Höskuldi Skúla Hallgrímssyni, fyrir hönd BELKÓD.

Húsnæðið er ca. 25x12m að stærð með einhalla þaki. Um 2/5 er svæði til æfinga og geymsla. Þar verður hægt að stunda golfæfingar á þeim tíma sem völlurinn er lokaður og halda því uppi m.a. barna- og unglingastarfi allt árið. Gert er ráð fyrir snyrtingum, eldhúsi, skrifstofu og seturými.

Gatnagerð úr Holtahverfi upp að nýjum golfskála verður þannig hagað að í fyrsta áfanga verði komið akfærum vegi í vegstæði nýrrar vegtengingar við hið nýja mannvirki. Hluti af þessari framkvæmd væri að ganga frá lagnakerfi sem tengt verður aðstöðunni. Annar áfangi uppbyggingar

vegarins yrði þannig að hann verði tilbúinn undir malbikun. Og þriðji áfanginn malbikun og lokafrágangur. Áætlaður verktími á gatnagerðinni er þrjú ár og skal vinnast til samræmis við framgang uppbyggingar aðstöðuhússins eins og kostur er og til samræmis við framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins frá ári til árs.

III. Nánar um framlag Norðurþings og greiðslur

Fjárframlag Norðurþings til uppbyggingar á nýrri fasteign við Katlavöll, samkvæmt áætlunum sem nú liggja fyrir skal reiknað með að dugi til að koma upp húsnæðinu fullkláruðu að utan, með klæðningu og búið verði að tengja gólfhita og ganga frá rafmagnstöflu. Að öðru leyti fókheld að innan. Framlag Norðurþings til uppbyggingar á fasteigninni og lóð samkvæmt samkomulagi þessu verður samtals að fjárhæð 90.000.000- að meðtöldum VSK, eða 72.580.645 fyrir utan VSK, á næstu þremur árum. Fjárframlög eru áætluð 50 milljónir árið 2022, 20 milljónir árið 2023 og 20 milljónir árið 2024 en eru ætíð bundin við samþykkt fjárhagsáætlunar Norðurþings ár hvert.

Framlag til gatnagerðar vegna þessa verkefnis skal vera í þremur áföngum, yfir þriggja ára tímabil, eftir því sem verkinu miðar áfram eins að framan er tilgreint, en aldrei þó meira en því sem fram kemur í fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árin 2022, 2023 og 2024.

IV. Framlag Golfklúbbs Húsavíkur

GH samþykkir að sá kostnaður vegna húsnæðisins umfram framangreind mörk um bein framlög Norðurþings til næstu þriggja ára þ.e. kr. 90.000.000 verði greiddur af GH.

Framlag GH til verkefnisins skal vera eftirfarandi yfir verkefnistímann:

1. Fjármögnun á því sem eftir stendur af kostnaði við byggingu hússins.
2. Framlag félagsmanna eða annarra sem felst m.a. í ;
 - a. Verkefnastjórn á byggingartíma og hönnunarferli.
 - b. Frágangi innan húss.
 - c. Frágangi á lóð og næsta umhverfi.

V. Samstarf um uppbyggingu og tímarammi verkefnis

Áætlaður tímarammi uppbyggingarinnar er eftirfarandi:

- Vor 2022
 - Slóði gerður að lóð
 - Grunnur tekinn og púði settur í grunn
- Vor/sumar 2022
 - Vegagerð: burðarlag og efni allt að lokafrágangi undir malbik
 - Húsið reist
- Sumar/haust 2022 – Mótun umhverfis í kringum hús, sáning grass
- Vetur 2022/2023 – Frágangur að innan
- Vor 2023 –

- Yfirborðsfrágangur vegaf framkvæmda
- Húsið tekið í notkun.
- Vor 2024
 - Ljósastaurar, kantsteinar og gangstígar úr Holtahverfi að golfvelli kláraðir
 -

VI. Tilboð og framkvæmdir

Fari tilboð í uppbyggingu ofangreinds húss kostnaðarlega yfir þær væntingar sem gerðar eru til heildarkostnaðar við verkið sbr. II. gr. getur Norðurþing eða GH afturkallað verkið eða frestað því um óákveðinn tíma. Aðilar eru þó sammála um að leita allra leiða til að hefja verkefnið á árinu 2022. Dugi fjárframlag sveitarfélagsins, ásamt framlögum GH ekki til þess að klára verkefnið innan fyrirhugaðs uppbyggingartíma skuldbindur GH sig til þess að mæta þeim umframkostnaði með auknum framlögum og/eða lengri framkvæmdatíma.


VII. Almenn ákvæði

Verði veruleg breyting á forsendum framkvæmdaáætlunar, taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Norðurþings annars vegar og GH hins vegar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum.


Rísi ágreiningur út af samkomulagi þessu þá skal fara með hann fyrir héraðsdóm Norðurlands eystra.

17. desember 2021

f.h. Norðurþings


Rísa Valdimarsdóttir


F.h. Golfklúbbs Húsavíkur


Sigurður Þóskuldsson

Vottar að rétttri undirritun og dagsetningu:


Vilborg Svendsdóttir


Nafn


100463-4669

kennitala


Ása Gísladóttir

Nafn


130253-3349

kennitala